

## Fundargerð

**Hópur:** Stýrihópur um heildstæðan unglingaskóla í sunnanverðum Grafarvogi – fimmti fundur.

**Starfsmaður:** Ásgeir Björgvinsson skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

**Fundardagur:** 9. nóvember 2011

**Tími:** 15:00-17:00

**Fundarstaður:** Húsaskóli

### Verkefni og markmið fundar:

- Forgangsröðun verkefna, tímarammi og ábyrgð á verkefnum skilgreind.

### Þetta gerðist:

1. Eftirfarandi kom fram í máli Auðar Árnýjar, formanns hópsins:

- Verið er að vinna að því með framkvæmdasviði borgarinnar, að í tengslum við sameiningu unglingadeildanna þriggja, verði sparkvöllur (boltagerði) settur upp við Foldaskóla.
- Skóla – og frístundasvið er í samvinnu við önnur svið borgarinnar að skilgreina öruggustu göngu – og hjólaleiðir í Foldaskóla úr Húsahverfi, Bryggjuhverfi og Hamrahverfi. Þá verður því erindi beint til Strætó bs. að t.d. leið 6 aki um Hamrahverfið.
- Verið er að ræða um framtíð og fyrirkomulag einhverfudeildar í Hamraskóla. Leitað verður eftir upplýsingum og samvinnu við foreldra.

2. Drögum að verkáætlun sem hópurinn hefur unnið að var dreift á fundinum. Fulltrúunum var skipt í hópa og fóru þeir yfir gögnin og tímasettu og forgangsröðuðu verkefnum. Eftir umræðu í hópunum voru niðurstöður hópanna færðar inn í verk- og tímaáætlunina og ábyrgðaraðilar voru skilgreindir fyrir hvert verkefni. Í þessari vinnu kom m.a. eftirfarandi fram:

- Rætt var um tímasetningar á kynningarfundum sem stýrihópurinn myndi þá halda fyrir starfsmenn skólanna annarsvegar og foreldra hinsvegar.
- Rætt var hvort þörf væri á því að í stjórn foreldrafélags Foldaskóla í framtíðinni verði fulltrúar úr Húsahverfi og Hamrahverfi. Umræður sköpuðust um að hversu miklu leyti hagsmunir nemenda og foreldra úr hverfunum þremur væru ólíkir.

### Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:

- Stefnt er að kynningarfundum stýrihópsins fyrir starfsfólk skólanna annarsvegar og foreldra hinsvegar í byrjun næsta árs.

- Næsti fundur fer fram mánudaginn 21. nóvember kl. 15 í Hamraskóla. Á fundinum verður endanlega gengið frá verk – og tímaáætlun sem í kjölfarið verður sett á heimasvæði stýrihópsins.

**Viðstaddir***Frá Foldaskóla*

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri  
Kistrún Guðjónsdóttir fulltrúi starfsfólks  
Oddný Árnadóttir fulltrúi foreldra  
Viðar Karlsson fulltrúi foreldra

*Frá Hamraskóla*

Yngvi Hagalínsson skólastjóri  
Guðmunda Gunnlaugsdóttir fulltrúi starfsfólks  
Elín Hjálmsdóttir fulltrúi foreldra  
Linda Kristín Pálsdóttir fulltrúi foreldra

*Frá Húsaskóla*

Valgerður Selma Guðnadóttir skólastjóri  
Edvard Ragnarsson fulltrúi starfsfólks  
Haraldur Sigurðsson fulltrúi foreldra  
Magnea Lena Björnsdóttir fulltrúi foreldra

*Frá þjónustumiðstöðinni Miðgarður*

Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdastjóri

*Frá frístundamiðstöðinni Gufunesbær*

Hulda Valdís Valdimarsdóttir deildarstjóri

*Frá Skóla – og frístundasviði*

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps  
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi  
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi